

2. fundur stjórnar DKG - á Skype 28. nóvember 2013

Tími: kl. 18:00

Mættar: Guðbjörg formaður, Sigríður Ragnarsdóttir 1. varaforseti, Þorgerður ritari, Krístrún meðstjórnandi og Ingibjörg Jónasdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Liður: Endurútgáfa kynningarbæklinga Guðbjörg lagði til að gerðar yrðu minni háttar breytingar á honum því það er ekkert til af honum og vantar tilfinnanlega. Huga að því síðar að gera meiriháttar breytingar, þá þarf trúlega að hanna hann upp á nýtt. Þetta var samþykkt. Guðbjörg ætlar að skanna hann og enda á stjórnarkonur sem ekki eiga hann. Þær myndu svo senda Guðbjörgu athugasemdir í tölvupósti. Laga þarf textann, bæta inn upplýsingum, breyta merki samtakanna o.fl. Guðbjörg talaðu um að biðja Ingibjörgu Einarsdóttur um að lesa hann yfir í lokin.
2. Liður: Reglur um styrki til fyrirlesara frá okkur. Konur sem voru með erindi í Amsterdam sóttu um styrk. Halldóra Haraldsdóttir sótti of seint um styrk og var samþykkt að veita henni styrkinn þrátt fyrir það.
3. Liður: Alþjóðþing. Tilkynning að sækja um fyrir 3. jan. ef konur ætlar að vera með workshop á þinginu. Ýta þarf á konur að sækja um. Ingibjörg Jónasar hefur mikla reynslu af þessu. Minna konur sem þurfa að halda fyrirlestra á ráðstefnum að þarna er tækifæri. Reyndar galli hversu dýrt er að fara út. Sigrún Klara og Sjöfn gera ráð fyrir að út. Guðbjörg veit ekki um fleiri en Ingibjörg J. ætlar að reyna að fara því hún þarf að hafa fund þarna. Guðbjörg býr til frétt um þetta og lætur setja á heimasíðuna.
4. Liður: Ingibjörg Jónasar sagði frá Forumfundi sem hún var á en hún er í Forum nefndinni. Segir að hlutverk Forum hafi verið ruglandi og voru stjórnarkonur sammála því. Nefndin hefur sett orðið action í forgrunn og ætlar að reyna að skýra þessar línur. Hún sagði að þær ætluðu að skoða stöðuna í dag og horfa fram í tímann hvað þær vildu gera í Forum eða hvort leggja ætti það niður. Tvö lönd með forsetana sína í stjórn Forum, fjögur lönd vilja það ekki. Með því fá félögin konu sem getur lagt krafta sína í erlent samstarf, er ekki upptekin af starfi innanlands. Hugsu sérað vera með þemu og að konur verði virkari. Umræðugrundvöllur fyrir málefni DKG í Evrópu og til að styrkja umræðu um menntamál í Evrópu. Hvernig getum við komið virkri umræðu inn í landið um fræðslumál? Fyrst voru þær með eitthvað um leadership núna meira um menntun, eins og menntun fyrir alla eins og lestur og læsi, stærðfræðilegt. Mikil ánægja með það. Margar konur vilja bara vera virkar í sinni deild og líður vel þannig og finnst það nóg, það er ekki nógu gott því þá verður lítil endurnýjun. Spurning um hvernig á að fara að þessu. Áriðandi að aðilinn sem situr í Forum hafi góð tengsl inn í stjórn landssambandsins og segir Ingibjörg það mikils virði að hún fái að vera í góðum tengslum við stjórn landssambandsins. Rætt um tímasetningu og lengd þinga erlendis og þá fundi innan þess.
Ingibjörg segist hafa styrkst í trúnni um að það sé nauðsynlegt að hafa Forum til að styðja við landssambandsforsetana. Að einhver nefnd sé með ákveðið ut anumhald og eftirlit, fólk sé í henni sem hefur ekki of mikið að gera í öðrum störfum innan samtakanna. Þetta er eini vettvangurinn fyrir samskipti evrópusamtakanna. Með tækninni geta þeir hist oftar. Vilja standa að baki forseta Forum, forsetinn er ekki í

nefndinni vegna þess starfs sem hann er í. Forum er nefnd sem getur aðstoðað í hverju sem er, tengiliðir inn í löðnin eru forsetarnir.

Félagskonur borga 1 evru til evrópuforsetans. Evran rennur í ferðir fyrir evrópuforsetans. Ingibjörg útskýrði fyrir stjórnarkonum hvernig fyrirkomulag kosningar í Forum er og hvernig fjármálum Forum er háttað. Hvetur okkur til að kynna okkur þetta á vefnum.

Verður næsta Evrópuþing fyrr og styttra næst? Ingibjörg heldur það því það hefur verið rætt. Ekki hægt að stofna fésbókarhóp því sumar eru á móti Fésbókinni, sérstaklega kennarar. Þurfa að hafa áhrif, hafa ekki völd. Þarf að vera gegnsætt hvað Forum er að hugsa og gera.

5. Liður: Önnur mál:

- Spurt um vorþingið hvort eitthvað sé vitað um t.d. form á gistingu. Guðbjörg segir að búið sé að panta sal, Bryggjusalur í Edinborgarhúsinu. Rætt um Gamla gistiheimilið.
- Guðbjörg sagði frá því að hún hafi hitt DKG konur fyrir norðan á ferð sinni á Akureyri.
- Krístrún skom með hugmynd um að búa til til venjuleg spil með merkjum félagsins til fjáröflunar. Hægt að lauma litlum miða um samtökin inn í spilakassann. Hún ætlar að athuga framleiðslu á þeim.
- Guðbjörg ætlar að athuga með framleiðslu á fleir lyklakippum.
- Rætt um að gera kerti með merki samakanna. Rauð kerti með merkinu eða útfæra með gylltu, þrjú í pakka. Hægt að nota á fundum og jafnvel að selja.

Ekki fleira rætt.

Fundi slitið kl. 19:10.

Ritari

Þorgerður Sigurðardóttir